

**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 538/2014****2015/EES/8/09****frá 16. apríl 2014****um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 691/2011 um evrópska umhverfisreikninga (\*)**

EVROPUÞINGIÐ OG RAÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFAR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 338. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

í samræmi við almenna lagasetningarmedferð<sup>(1)</sup>,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins<sup>(2)</sup> nr. 1386/2013/ESB er kveðið á um að vegna hraða núverandi þróunar og óvissuþátta varðandi líklegar framtíðarhorfur er krafist frekari ráðstafana, til að tryggja að stefnur í Sambandinu búi áfram yfir staðgóðum skilningi á ástandi umhverfisins, mögulegum valkostum til viðbragða og afleiðingum þeirra. Þróa ætti stjórnþæki í því skyni að tryggja undirbúning gæðatryggðra gagna og vísa og til að bæta aðgengi að þeim. Það er mikilvægt að slík gögn séu tiltæk á skiljanlegu og aðgengilegu formi.
- 2) Samkvæmt 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 691/2011<sup>(3)</sup> er framkvæmdastjórnin hvött til að skila skýrslu til Evrópuþingsins og ráðsins um framkvæmd reglugerðarinnar og, ef við á, leggja til tillögur um nýjar einingar umhverfisreikninga, s.s. útgjöld og tekjur til umhverfisverndar (e. *EPEA*)/reikninga vegna útgjalda til umhverfisverndar (e. *EPEA*), þjónustugeira fyrir umhverfistengdar vörur og þjónustu (e. *EGSS*) og orkubúskaparreikninga.
- 3) Nýju einingarnar tengjast með beinum hætti forgangsröðun við stefnumótun Sambandsins og umhverfisvænum vexti og auðlindanýtni, með því að veita mikilvægar upplýsingar um vísa s.s. markaðsframléiðslu og atvinnu í þjónustugeiranum fyrir umhverfistengdar vörur, innlend útgjöld til umhverfisverndar og orkunotkun í sundurliðun atvinnugreinaflokunar Evrópubandalaganna.
- 4) Hagtölnunefnd Sameinuðu þjóðanna samþykkti miðlægan ramma utan um kerfi umhverfisreikninga (SEEA) sem alþjóðlegan hagskýrslustaðal á 43. fundi hennar í febrúar 2012. Nýju einingarnar sem samþykktar eru með þessari reglugerð eru í fullu samræmi við samþætt kerfi umhverfisreikninga.
- 5) Samráð hefur verið haft við nefndina um evrópska hagskýrslukerfið.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 158, 27.5.2014, bls. 113. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 242/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Afstaða Evrópuþingsins frá 2. apríl 2014 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 14. apríl 2014.

<sup>(2)</sup> Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1386/2013/ESB frá 20. nóvember 2013 um að koma á fót almennri aðgerðaáætlun Sambandsins á sviði umhverfismála til ársins 2020 „Gott líf innan marka plánetunnar okkar“ (Stjtið. ESB L 354, 28.12.2013, bls. 171).

<sup>(3)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 691/2011 frá 6. júlí 2011 um evrópska umhverfisreikninga (Stjtið. ESB L 192, 22.7.2011, bls. 1).

- 6) Til að taka tillit til þróunar á sviði tækni og vísinda og bæta við ákvæðum um orkubúskaparreikninga, ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að því er varðar lýsingu á skránni um orkuvörur, sem um getur í 3. þætti VI. viðauka sem fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð. Það er einkar mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Framkvæmdastjórnin skal við undirbúning og samningu framseldra gerða tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.
- 7) Til að auðvelda samræmda beitingu á V. viðauka, eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð, ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald. Þessu valdi ber að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 <sup>(4)</sup>. Nota ætti rannsóknarmálsmeðferðina við samþykkt þessara framkvæmdargerða.
- 8) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 691/2011 til samræmis við það,

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### *1. gr.*

Reglugerð (ESB) nr. 691/2011 er breytt sem hér segir:

- 1) eftirfarandi liðir bætast við 2. gr.:

„4) „útgjöld til umhverfisverndar“: efnahagslegur auður, sem einingar sem eru með búsetu á svæðinu nýta til umhverfisverndar. Umhverfisvernd tekur til allrar starfsemi og aðgerða sem hafa það að meginmarkmiði að koma í veg fyrir, draga úr og stöðva mengun og hvers konar hnignun umhverfisins. Þessi starfsemi og aðgerðir taka til allra ráðstafana sem eru gerðar til að færa umhverfið í samt horf eftir hnignun þess. Starfsemi, þótt hún sé til hagsbóta fyrir umhverfið, sem er fyrst og fremst til að uppfylla tæknilegar kröfur eða innlendar kröfur um hollustuhætti eða öryggi fyrirtækja eða annarra stofnana, falla ekki undir þessa skilgreiningu,

5) „þjónustugeiri fyrir umhverfistengdar vörur og þjónustu“: framleiðslustarfsemi hagkerfis lands sem örvar framleiðslu umhverfistengdra vara (umhverfistengdar vörur og þjónusta). Umhverfistengdar vörur eru vörur sem hafa verið framleiddar í þeim tilgangi að stuðla að umhverfisvernd, eins og um getur í 4. lið, og auðlindastjórnun. Auðlindastjórnun felur í sér verndun, viðhald og úrbætur á birgðum náttúruauðlinda og þar af leiðandi verndarráðstafanir vegna eyðingar þessara auðlinda,

6) „efnislegir orkubúskaparreikningar“: samræmd samantekt efnislegs orkuflæðis inn í innlend hagkerfi, flæði innan hagkerfis og frálag til annarra hagkerfa eða til umhverfisins.“,

- 2) ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi liðir bætist við 1. mgr.:

„d) eining reikninga vegna útgjalda til umhverfisverndar, eins og sett er fram í IV. viðauka,

e) eining reikninga vegna þjónustugeira fyrir umhverfistengdar vörur og þjónustu, eins og sett er fram í V. viðauka,

f) eining fyrir efnislega orkubúskaparreikninga, eins og sett er fram í VI. viðauka.“,

<sup>(4)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

## b) eftirfarandi málsgreinar bætist við:

„4. Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 9. gr. til að tilgreina orkuvörurnar sem um getur í 3. þætti VI. viðauka, byggt á skránum sem settar eru fram í viðaukunum við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1099/2008(\*).

Slíkar framseldar gerðir skulu ekki auka verulega stjórnsýsluálag á aðildarríkin eða á svarendur. Þegar framkvæmdastjórnin kemur á og uppfærir síðan þær skrár sem um getur í fyrstu undirgrein skal hún rökstyðja aðgerðir og, eftir því sem við á, nota tillögur frá viðkomandi sérfræðingum, byggðar á greiningu á kostnaðarhagkvæmni, þ.m.t. mat á fyrirhöfn svarenda og á kostnaði við gerðina.

5. Til að tryggja samræmda beitingu á V. viðauka skal framkvæmdastjórnin, fyrir 31. desember 2015, með framkvæmdargerðum, koma á fót leiðbeinandi yfirliti yfir þjónustugeira fyrir umhverfistengdar vörur og atvinnustarfsemi, sem fellur undir V. viðauka út frá eftirfarandi flokkum: þjónusta, sérstaklega tengd umhverfismálum, vörur sem eingöngu eru tengdar umhverfismálum (tengdar vörur), aðlagðar vörur og umhverfistækni. Framkvæmdastjórnin skal, ef nauðsyn krefur, uppfæra yfirlitið.

Framkvæmdargerðirnar sem um getur í fyrstu undirgrein skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 11. gr.,“

(\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1099/2008 frá 22. október 2008 um hagskýrslur um orkumál (Stjtið. ESB L 304, 14.11.2008, bls. 1).

## 3) í stað 2. mgr. 8. gr. komi eftirfarandi:

„2. Hlutaðeigandi aðildarríki skal, í þeim tilgangi að fá undanþágu skv. 1. mgr. fyrir I., II. og III. viðauka, leggja fyrir framkvæmdastjórnina tilhlýðilega rökstudda beiðni eigi síðar en 12. nóvember 2011. Hlutaðeigandi aðildarríki skal, í þeim tilgangi að fá undanþágu skv. 1. mgr. fyrir IV., V. og VI. viðauka, leggja fyrir framkvæmdastjórnina tilhlýðilega rökstudda beiðni eigi síðar en 17. september 2014.“

## 4) ákvæðum 9. gr. er breytt sem hér segir:

## a) í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 3. og 4. mgr. 3. gr., á fimm ára tímabili sem hefst frá og með 11. ágúst 2011. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu að því er varðar framsal valds eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.“

## b) í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Evrópuþinginu eða ráðinu er, hvenær sem er, heimilt að afturkalla framsal valdsins sem um getur í 3. og 4. mgr. 3. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal valdsins sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.“

## c) í stað 5. málsgreinar komi eftirfarandi:

„5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 3. og 4. mgr. 3. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.“

## 5) eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð er IV., V. og VI. viðauka bætt við reglugerð (ESB) nr. 691/2011.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 16. apríl 2014.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

M. SCHULZ

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

D. KOURKOULAS

*forseti.*

---

## VIÐAUKI

## „IV. VIÐAUKI

## EINING REIKNINGA VEGNA ÚTGJALDA TIL UMHVERFISVERNDAR

## 1. þáttur

## MARKMIÐ

Í einingum reikninga vegna útgjalda til umhverfisverndar, eru gögn sett fram á þann máta sem er samhæfður við gögnin sem tilkynnt er um samkvæmt evrópska þjóðhagsreikningakerfinu um útgjöld til umhverfisverndar, þ.e. efnahagslegan auð sem einingar sem eru með búsetu á svæðinu nýta til umhverfisverndar. Slíkir reikningar bjóða upp á samantekt á innlendum kostnaði vegna umhverfisverndar, sem er skilgreindur sem samtala notkunar eininga sem eru með búsetu á svæðinu á þjónustu á sviði umhverfisverndar, vergri fjármunamyndun (e. *GFCF*) fyrir umhverfisverndarstarfsemi og millifærslum vegna umhverfisverndar sem eru ekki samsvarandi fyrri liðum, að frádreginni fjármögnun þriðju aðila.

Reikningar vegna útgjalda til umhverfisverndar skulu nýta fyrirbyggjandi upplýsingar úr þjóðhagsreikningum (framleiðsla og reikningar yfir ráðstöfun vinnsluvirðis, vergri fjármunamyndun út frá atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (e. *NACE*), uppruna- og ráðstöfunartöflum og gögnum byggðum á flokkun útgjalda hins opinbera), hagskýrslum um skipulag fyrirtækja, fyrirtækjaskrá og öðrum heimildum.

Í þessum viðauka er skilgreint hvaða gögn aðildarríkin eiga að safna, taka saman, afhenda og meta vegna reikninga útgjalda til umhverfisverndar.

## 2. þáttur

## UMFANG

Reikningar vegna útgjalda til umhverfisverndar hafa sömu kerfismörk og evrópska þjóðhagsreikningakerfið og sýna útgjöld til umhverfisverndar fyrir aðal-, auka- eða stoðstarfsemi. Þetta nær yfir eftirfarandi geira:

- opinber yfirvöld (þ.m.t. stofnanir sem eru ekki reknar í hagnaðarskyni og þjóna heimilum) og fyrirtæki í haggeiranum sem veita þjónustu á sviði umhverfisverndar. Sérfræðingar í framleiðslu sem hafa það að meginstarfsemi sinni að veita þjónustu á sviði umhverfisverndar,
- heimili, opinber yfirvöld og fyrirtæki sem neytendur þjónustu á sviði umhverfisverndar,
- þriðju aðilar sem réttthafar, eða upprunaaðilar millifærslna vegna umhverfisverndar.

## 3. þáttur

## SKRÁ YFIR KÖNNUNARATRIÐI

Aðildarríki skulu vinna reikninga vegna útgjalda til umhverfisverndar út frá eftirfarandi könnunaratríðum, sem eru skilgreind í samræmi við evrópska þjóðhagsreikningakerfið:

- framleiðsla þjónustu á sviði umhverfisverndar. Markaðsframleiðsla, framleiðsla utan markaðar og framleiðsla stoðstarfsemi eru aðgreind,
- aðfanganotkun sérfræðinga í framleiðslu á þjónustu á sviði umhverfisverndar,
- innflutningur og útflutningur á þjónustu á sviði umhverfisverndar,
- virðisaukaskattur (VSK) og aðrir skattar, að frádregnum vörutengdum styrkjum á þjónustu á sviði umhverfisverndar,
- verg fjármunamyndun og öflun, að frádregnum ráðstöfunum á eignum sem hvorki eru framleiddar né peningalegar, vegna framleiðslu þjónustu á sviði umhverfisverndar,
- lokaneysla á þjónustu á sviði umhverfisverndar,
- millifærslur vegna umhverfisverndar (móttekið/greitt).

Öll gögn skulu gefin upp í milljónum í gjaldmiðli hvers ríkis.

#### 4. þáttur

##### FYRSTA VIÐMIÐUNARÁR, TÍÐNI OG FRESTUR TIL SENDINGA

1. Hagskýrslur skulu teknar saman og sendar árlega.
2. Hagskýrslur skulu sendar eigi síðar en 24 mánuðum frá lokum viðmiðunarársins.
3. Til að mæta þörfum notenda fyrir allhiða og tímanleg gagnasöfn skal framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) leggja fram, um leið og landsgögn eru tilbúin, heildarmat ESB-28 á helstu lykilstærðum þessarar einingar. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal, þegar unnt er, vinna og birta mat vegna gagna sem aðildarríkin hafa ekki lagt fram innan frestsins sem tilgreindur er í 2. lið.
4. Fyrsta viðmiðunarárið er 2015.
5. Í fyrstu gagnasendingunni skulu aðildarríki senda árgögn frá 2014 til fyrsta viðmiðunarársins.
6. Í hverri síðari gagnasendingu til framkvæmdastjórnarinnar skulu aðildarríkin afhenda árgögn fyrir árin n-2, n-1 og n, þar sem n er viðmiðunarárið. Aðildarríkin geta lagt fram öll fyrirbyggjandi gögn fyrir árin á undan 2014.

#### 5. þáttur

##### UPPLÝSINGATÖFLUR

1. Skila skal inn sundurliðuðum gögnum vegna könnunaratriðanna, sem um getur í 3. þætti út frá:

- tegund afurða/neytenda þjónustu á sviði umhverfisverndar eins og skilgreint er í 2. þætti,
- flokkum í flokkun á umhverfisverndaraðgerðum (e. *CEPA*), flokkuðum á eftirfarandi hátt:

Fyrir starfsemi opinberra yfirvalda og millifærslur vegna umhverfisverndar:

- CEPA-flokkur 2
- CEPA-flokkur 3
- Samtala CEPA-flokks 1, CEPA-flokks 4, CEPA-flokks 5 og CEPA-flokks 7
- CEPA-flokkur 6
- Samtala CEPA-flokks 8 og CEPA-flokks 9

Vegna stoðstarfsemi fyrirtækja:

- CEPA-flokkur 1
- CEPA-flokkur 2
- CEPA-flokkur 3
- Samtala CEPA-flokks 4, CEPA-flokks 5, CEPA-flokks 6, CEPA-flokks 7, CEPA-flokks 8 og CEPA-flokks 9

Fyrir fyrirtæki sem auka- og sérhæfðir framleiðendur:

- CEPA-flokkur 2
- CEPA-flokkur 3
- CEPA-flokkur 4

Fyrir heimili sem neytendur:

- CEPA-flokkur 2
- CEPA-flokkur 3

- Eftirfarandi kóðar atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna fyrir stoðframleiðslu á þjónustu á sviði umhverfisverndar: Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk., bálkar B, C, D, deild 36. Gögn fyrir bálk C skulu sett fram eftir deildum. Flokka skal deildir 10-12, 13-15 og 31-32 saman. Aðildarríki sem, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 295/2008<sup>(5)</sup> (að því er varðar skilgreiningar á könnunaratríðum, tæknilegt snið gagnasendinga, kröfur um tvöfalda skýrslugjöf fyrir atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, endursk. 1.1., og atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk., og undanþágur sem ber að veita vegna hagskýrsla um skipulag fyrirtækja) eru ekki skuldbundin til að safna gögnum um útgjöld til umhverfisverndar fyrir einn eða fleiri af þessum kóðum atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna, þurfa ekki að afla gagna vegna þessara kóða atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna.
2. CEPA-flokkarnir, sem um getur í 1. lið., skulu vera sem hér segir:

- CEPA-flokkur 1 — Verndun andrúmslofts og loftslags
- CEPA-flokkur 2 — Meðhöndlun skólps
- CEPA-flokkur 3 — Meðhöndlun úrgangs
- CEPA-flokkur 4 — Verndun og hreinsun jarðvegs, grunnvatns og yfirborðsvatns
- CEPA-flokkur 5 — Hávaðamildun og mildun titrings
- CEPA-flokkur 6 — Verndun á líffræðilegri fjölbreytni og landslagi
- CEPA-flokkur 7 — Vernd gegn geislun
- CEPA-flokkur 8 — Umhverfisrannsóknir og þróunarstarfsemi
- CEPA-flokkur 9 — Önnur umhverfisverndarstarfsemi.

## 6. þáttur

### HÁMARKSGILDISTÍMI UMBREYTINGARTÍMABILSINS

Hámarksgildistími umbreytingartímabilsins er tvö ár frá fyrsta fresti sendinga, vegna framkvæmdar ákvæða þessa viðauka.

### V. VIÐAUKI

## EINING ÞJÓNUSTUGEIRA FYRIR UMHERFISTENGDA VÖRUR OG ÞJÓNUSTU

### 1. þáttur

#### MARKMIÐ

Í hagskýrslur um umhverfistengdar vörur og þjónustu eru skráð og sett fram gögn um framleiðslustarfsemi hagkerfis lands sem koma af stað framleiðslu umhverfistengdra vara, á þann hátt sem er samrýmanlegur við gögnin sem tilkynnt er um samkvæmt evrópska þjóðhagsreikningakerfinu.

Reikningar þjónustugeira fyrir umhverfistengdar vörur og þjónustu skulu nýta fyrirliggjandi upplýsingar úr þjóðhagsreikningum, hagskýrslum um skipulag fyrirtækja, fyrirtækjaskrá og öðrum heimildum.

Í þessum viðauka er skilgreint hvaða gögnum aðildarríkin eiga að safna, taka saman, afhenda og meta fyrir reikninga vegna umhverfistengdra vara og þjónustu.

### 2. þáttur

#### UMFANG

Þjónustugeiri fyrir umhverfistengdar vörur og þjónustu hefur sömu kerfismörk og evrópska þjóðhagsreikningakerfið og samanstendur af öllum umhverfistengdum vörum og þjónustu sem verða til við framleiðslustarfsemina. Í evrópska þjóðhagsreikningakerfinu er framleiðsla skilgreind sem sú starfsemi sem fer fram undir stjórn og á ábyrgð hageiningar sem notar aðföng vinnuafis, fjármagns og vöru og þjónustu til að framleiða vörur og þjónustu.

<sup>(5)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 295/2008 frá 11. mars 2008 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja (Stjtið. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 13).

Umhverfistengdar vörur og þjónusta falla undir eftirfarandi flokka: þjónusta, sérstaklega tengd umhverfismálum, vörur sem eingöngu eru tengdar umhverfismálum (tengdar vörur), aðlagðar vörur og umhverfistækni.

### 3. þáttur

#### SKRÁ YFIR KÖNNUNARATRIÐI

Aðildarríkin skulu vinna hagskýrslur um þjónustugeira fyrir umhverfistengdar vörur og þjónustu út frá eftirfarandi könnunaratríðum:

- markaðsframleiðsla, þar af:
  - útflutningur,
- virðisauki af markaðsstarfsemi,
- atvinna við markaðsstarfsemi.

Öll gögn skulu tilkynnt í milljónum í gjaldmiðli hvers ríkis, að undanskildu könnunaratríðinu „atvinna“, þar sem skýrslueiningin skal vera „heil stöðugildi“.

### 4. þáttur

#### FYRSTA VIÐMIÐUNARÁR, TÍÐNI OG FRESTUR TIL SENDINGA

1. Hagskýrslur skulu teknar saman og sendar árlega.
2. Hagskýrslur skulu sendar eigi síðar en 24 mánuðum frá lokum viðmiðunarársins.
3. Til að mæta þörfum notenda fyrir alhliða og tímanleg gagnasöfn skal framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) leggja fram, um leið og landsgögn eru tilbúin, heildarmat ESB-28 á helstu lykilstærðum þessarar einingar. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal, þegar unnt er, vinna og birta mat vegna gagna sem aðildarríkin hafa ekki lagt fram innan frestsins sem tilgreindur er í 2. lið.
4. Fyrsta viðmiðunarárið er 2015.
5. Í fyrstu gagnasendingunni skulu aðildarríki senda árgögn frá 2014 til fyrsta viðmiðunarársins.
6. Í hverri síðari gagnasendingu til framkvæmdastjórnarinnar skulu aðildarríkin afhenda árgögn fyrir árin n-2, n-1 og n, þar sem n er viðmiðunarárið. Aðildarríkin geta lagt fram öll fyrirliggjandi gögn fyrir árin á undan 2014.

### 5. þáttur

#### UPPLÝSINGATÖFLUR

1. Skila skal inn víxlflokkuðum gögnum vegna könnunaratríðanna, sem um getur í 3. þætti út frá:
  - flokkun atvinnustarfsemi, atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk. (A\*21 þrep lykilstærða eins og sett er fram í evrópska þjóðhagsreikningakerfinu),
  - CEPA flokkum og flokkun á starfsemi auðlindastjórnunar (e. *CReMA*), flokkað á eftirfarandi hátt:
    - CEPA-flokkur 1
    - CEPA-flokkur 2
    - CEPA-flokkur 3
    - CEPA-flokkur 4
    - CEPA-flokkur 5
    - CEPA-flokkur 6



- Samtala CEPA-flokks 7, CEPA-flokks 8 og CEPA-flokks 9
  - CReMA-flokkun 10
  - CReMA-flokkun 11
  - CReMA-flokkun 13
    - CReMA-flokkun 13A
    - CReMA-flokkun 13B
    - CReMA-flokkun 13C
  - CReMA-flokkun 14
  - Samtala CReMA-flokkunar 12, CReMA-flokkunar 15 og CReMA-flokkunar 16
2. CEPA-flokkarnir, sem um getur í 1. lið, eru eins og þeir eru settir fram í IV. viðauka. CReMA flokkarnir, sem um getur í 1. lið, skulu vera sem hér segir:

CReMA-flokkun 10 — Vatnsstjórnun

CReMA-flokkun 11 — Stjórnun skógarauðlinda

CReMA-flokkun 12 — Stjórnun villtra plantna og dýra

CReMA-flokkun 13 — Stjórnun orkuauðlinda:

— CReMA-flokkun 13A — Orkuframleiðsla frá endurnýjanlegum auðlindum

— CReMA-flokkun 13B — Hita-/orkusparnaður og -stjórnun

— CReMA-flokkun 13C — Lágörkun notkunar á jarðefnaorku sem hráefni

CReMA-flokkun 14 — Stjórnun jarðefna

CReMA-flokkun 15 — Rannsóknir og þróunarstarfsemi vegna auðlindastjórnunar

CReMA-flokkun 16 — Önnur starfsemi tengd auðlindastjórnun

## 6. þáttur

### HÁMARKSGILDISTÍMI UMBREYTINGARTÍMABILSINS

Hámarksgildistími umbreytingartímabilsins er tvö ár frá fyrsta fresti sendinga, vegna framkvæmdar ákvæða þessa viðauka.

## VI. VIÐAUKI

### EINING FYRIR EFNISLEGA ORKUBÚSKAPARREIKNINGA

#### 1. þáttur

##### MARKMIÐ

Í efnislegum orkubúskaparreikningum eru sett fram gögn um orkuflæði sem mælt er í terajúlum, á þann hátt sem samrýmist evrópska þjóðhagsreikningakerfinu að fullu. Gögn eru skráð í efnislega orkubúskaparreikninga í tengslum við efnahagslega starfsemi búsetueininga þjóðarbúskapar, með sundurliðun eftir atvinnustarfsemi. Þar er sett fram afhending og notkun á ílagi náttúruorku, orkuvöru og afgangorku. Atvinnustarfsemi felur í sér framleiðslu, neyslu og uppsöfnun.

Í þessum viðauka er skilgreint hvaða gögn aðildarríkin eiga að safna, taka saman, afhenda og meta fyrir efnislega orkubúskaparreikninga.

## 2. þáttur

### UMFANG

Efnislegir orkubúskaparreikningar hafa sömu kerfismörk og ESA 1995 og eru einnig byggðir á meginreglunni um búsetu.

Í samræmi við evrópska þjóðhagsreikningakerfið er eining sögð vera búsetueining lands þegar hún hefur efnahagslegt aðsetur á efnahagssvæði þess lands, þ.e. þegar hún tekur þátt í lengri tíma (1 ár eða meira) í atvinnustarfsemi á yfirráðasvæðinu.

Í efnislegum orkubúskaparreikningum er skráð efnislegt orkuflæði frá starfsemi allra búsetueininga, óháð því hvar flæðið á sér í reynd stað landfræðilega.

Í efnislegum orkubúskaparreikningum er skráð efnislegt orkuflæði frá umhverfi til hagkerfis, innan hagkerfis, og frá hagkerfi aftur til umhverfisins.

## 3. þáttur

### SKRÁ YFIR KÖNNUNARATRIÐI

Aðildarríkin skulu vinna efnislega orkubúskaparreikninga út frá eftirfarandi könnunaratríðum:

— efnislegt orkuflæði skiptist í þrjú almenna flokka:

- i. ílag náttúruorku,
- ii. orkuvörur,
- iii. umframorku,

— uppruni efnislegs orkuflæðis skiptist í fimm flokka: framleiðslu, neyslu, uppsöfnun, þriðju aðila og umhverfi,

— ákvörðunarstaður efnislegs flæðis skiptist í sömu fimm flokka og uppruni efnislegs orkuflæðis.

Öll gögn skulu gefin upp í terajúlum.

## 4. þáttur

### FYRSTA VIÐMIÐUNARÁR, TÍÐNI OG FRESTUR TIL SENDINGA

1. Hagskýrslur skulu teknar saman og sendar árlega.
2. Hagskýrslur skulu sendar eigi síðar en 21 mánuði frá lokum viðmiðunarársins.
3. Til að mæta þörfum notenda fyrir alhliða og tímanleg gagnasöfn skal framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) leggja fram, um leið og landsgögn eru tilbúin, heildarmat ESB-28 á helstu lykilstærðum þessarar einingar. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal, þegar unnt er, vinna og birta mat vegna gagna sem aðildarríkin hafa ekki lagt fram innan frestsins sem tilgreindur er í 2. lið.
4. Fyrsta viðmiðunarárið er 2015.
5. Í fyrstu gagnasendingunni skulu aðildarríki senda árgögn frá 2014 til fyrsta viðmiðunarársins.
6. Í hverri síðari gagnasendingu til framkvæmdastjórnarinnar skulu aðildarríkin afhenda árgögn fyrir árin  $n - 2$ ,  $n - 1$  og  $n$ , þar sem  $n$  er viðmiðunarárið. Aðildarríkin geta lagt fram öll fyrirbyggjandi gögn fyrir árin á undan 2014.

## 5. þáttur

### UPPLÝSINGATÖFLUR

1. Skila skal inn gögnum vegna könnunaratriðanna, sem um getur í 3. þætti út frá efnislegum einingum:
  - Upprunatafla fyrir orkuflæði. Í þessa töflu eru skráðar birgðir af ílagi náttúruorku, orkuvörum og umframorku (lárétt) út frá uppruna, þ.e. „birgir“ (lóðrétt).
  - Ráðstöfunartafla fyrir orkuflæði. Í þessa töflu eru skráðar birgðir af ílagi náttúruorku, orkuvörum og afgangorku (lárétt) út frá ákvörðunarstað, þ.e. „notandi“ (lóðrétt).
  - Tafla fyrir orkuflæði sem er tengt losun. Í þessa töflu er skráð losun tengd ílagi náttúruorku og orkuvörum (lárétt) út frá notkunar- og losunareiningu (lóðrétt).
  - Brúartafla sýnir ýmsa þætti sem skilja á milli orkubúskaparreikninga og orkujöfnuðar.
2. Uppruna- og ráðstöfunartöflurnar um orkuflæði (þ.m.t. streymi losunar), eru með sambærilega uppsetningu með tilliti til raða og dálka.
3. Dálkarnir tilgreina uppruna (birgðir) og ákvörðunarstað (notkun) efnislegs flæðis. Dálkarnir skiptast í fimm flokka:
  - „Framleiðsla“ tengist framleiðslu á vöru og þjónustu. Framleiðslustarfsemi sem flokkast samkvæmt atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk. og gögn sem tilkynnt er um samkvæmt A\*64 þrepi lykilstærða.
  - „Neysla“: virkni er kynnt í heild og einnig skipt í þrjá undirflokkar (flutningur, upphitun/kæling, annað) fyrir lokaneyslu einkaheimila.
  - „Uppsöfnun“: merkir breytingar á birgðum orkuvara innan hagkerfis.
  - „Þriðju aðilar“: flæði innfluttra og útfluttra vara er skráð.
  - „Umhverfi“: uppruni streymis náttúrulegs ílags og ákvörðunarstaður streymis efnaleifa.
4. Í röðunum er lýst tegund efnislegs flæðis, sem flokkað er í fyrsta undirlið 3. þáttar.
5. Flokkun ílags náttúruvöru, orkuvara og umframorku er eftirfarandi:
  - ílag náttúruvöru er flokkað í ílag óendurnýjanlegs náttúrulegs eldsneytis og ílag endurnýjanlegs náttúrulegs eldsneytis,
  - orkuvörur eru flokkaðar samkvæmt flokkuninni sem notuð er í evrópskum hagskýrslum um orkumál,
  - umframorka tekur til úrgangs (án peningalegs virðis), taps við vinnslu/töku, dreifingar/flutnings, ummyndunar/ umskráningar og geymslu og stöðuliða til að jafna uppruna- og ráðstöfunartöflur.
6. „Brúin“ frá vísí um meginreglu búsetu, til vísís út frá yferráðasvæði, er kynnt fyrir hagkerfi lands í heild (ekki sundurliðað eftir atvinnugreinum) og er fengin á eftirfarandi hátt:
 

heildarorka sem notuð er af búsetueiningum:

  - orka sem notuð er af búsetueiningum erlendis
  - + orka sem notuð er af íbúum sem eru ekki með búsetu á yferráðasvæðinu
  - + tölfræðilegur mismunur
  - = verg orkunotkun innanlands (út frá yferráðasvæði)

**6. þáttur**

**HÁMARKSGILDISTÍMI UMBREYTINGARTÍMABILSINS**

Hámarksgildistími umbreytingartímabilsins er tvö ár frá fyrsta fresti sendinga, vegna framkvæmdar ákvæða þessa viðauka.<sup>6</sup>

---